

Námsáætlun – Haust 2015

7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Rúnar Már Þráinsson

| Tímabil | Markmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|--------------------|---|-------------------------------------|--|--|
| Ágúst- desember | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim, • metið árangur sinn, • spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna, • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. | Áætlanagerð. | Nemendur gera áætlanir vikulega allan veturinn. Þar setja þeir sér einföld markmið út frá þeim verkefnum sem þeir hafa valið sér eða sem kennari setur þeim fyrir. Í lok hvernar viku fer nemandi yfir hvort markmið vikunnar hafi náðst og áætlun gerð um að bæta úr því ef þess þarf. Námsmat nemenda er að stórum hluta byggt á þessu mati. | Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. |
| Ágúst- desember | <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann, • lesið með góðum hraða af skilningi • valið sér fjölbreytt les efni við hæfi til gagns og ánægju. | Frjálslestrarbækur og aðrir textar. | Nemendur velja bækur og lesa, í tímum og heima. Að loknum lestri skrifa þeir stutta greinargerð um bókina, stuttan útdrátt og um helstu persónur, tíma og umhverfi. Einnig um | Mat á greinargerð og bókakynningu. |

| | | | | |
|------------------------|---|-----------------------|---|-------------------------|
| | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. | | <p>Það hvernig bókin hafði áhrif á þá sjálfa. Einu sinni í viku verða svo stuttar bókakynningar í leshring.</p> | |
| September- desember | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það, • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína, • skilgreint viðmið um árangur <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, • greint og fjallað um aðalatriði í texta og helsti efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. | Gagnvirkur lestur. | Nemendur eru þjálfaðir í að beita þeim lesskilningsaðferðum sem gagnvirkur lestur byggist á. | Lesskilningspróf. |
| Ágúst- desember | <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu s.s greinaskil, greinamerki og efnisgreinar, | Ýmis ritunarverkefni. | Nemendur skrifa stuttan texta eftir kveikju. | Mat á ritunarverkefnum. |

| | | | | |
|-------------------|---|-------------------------|--|---|
| | •vandað frágang. | | | |
| September-október | <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, • gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun, • áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra, • notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta, • beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar, • beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað, • gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. | Málfræði- og málnotkun. | Ýmis verkefni unnin úr kennslubókinni Málrækt 3 og Skruddu. Ýmis tilbúin verkefni frá kennara. | Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. Málfræðipróf til að meta suma þætti málfræðinnar, taka stöðu og framfarir. |
| Nóvember | <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap, | Ljóð. | Nemendur lesa fjölda ljóða og reyna að átta sig á gerð þeirra og helstu einkennum hvort sem þau eru hefðbundin eða ekki. | Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. |

| | | | | |
|--|--|--|---|--|
| | <ul style="list-style-type: none">• lært um eðli ljóða og hlutverk þeirra í íslenskri menningu,• lært nokkur hugtök ljóða svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap,• lesið gömul og ný ljóð upphátt fyrir aðra nemendur með tilþrifum. <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none">• tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. | | Nemendur semja ljóð af ýmsum gerðum, myndskreyta eða setja upp á sem fjölbreyttastan hátt myndrænt. Ljóðum nemenda er safnað saman í ljóðabók í lokin sem nemandi fær til eignar. | |
|--|--|--|---|--|

Námsgrein: Náttúrufræði

Kennari: Sigríður Víkingisdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|------------|---|---|--|---|
| Ágúst-sept | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none">• tekið þátt í og verið skapandi í samstarfi og lagt sitt af mörkum í hópnum og í útfærslu á leiðum að sameiginlegum markmiðum,• metið hvernig verkefnavinnan tókst og geti tekið þátt í að kynna eða miðla verkefninu til annarra. <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none">• lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi,• tekið þátt í umræðum sem varða heimabyggð,• lesið úr gögnum og líkönum og útskýrt. | <p>Útikennsla tengd grenndarfræði.</p> <p>Vistkerfi: Skólalóð Krossanesborgir Kvenfélagsreitur Glerágil</p> | <p>Að hausti verður stíf vinna við valin verkefni af heimasíðu Skógræktar ríkisins sem eru fjölbreytt útikennsluverkefni með það að markmiði að kenna nemendum að safna gögnum, vinna saman í hóp og meta starf sitt. Auk þess sem þau kynnast sínu nánasta umhverfi, skoða vistkerfi og hvernig á að umgangast náttúruna. Nemendur fara í Krossanesborgir, Kvenfélagsreit, göngutúra um hverfið, Glerágil o.fl. Nemendur leggja hugmyndir í banka sem inniheldur hugmyndir um hvernig bæta megi umhverfi Glerárskóla. ,</p> | <p>Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. Öll verkefni eru metin út frá viðmiði um árangur sem vistað er inn á Mentor undir hverju verkefni. Sjálfsmat nemenda.</p> |
| Okt-nóv | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> | <p>Útikennsla og verkefni í</p> | <p>Byrjað verður á</p> | <p>Símat á hæfni nemenda</p> |

| | | | | |
|-----|--|--|--|---|
| | <ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum, • vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt. <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt vísindalegum vinnubrögðum • sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt, • lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi, • útskýrt hvernig aðdráttarafl sólar og jarðar stjórna árstíða- og dægraskiptum og flóði og fjöri, • útskýrt hættur í tengslum við hafið, • lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi, • gert grein fyrir notkun manna á auðlindum. | <p>stofu tengd verkefnum um lífríki í sjó. Auðlindir sjávar.</p> | <p>gagnaöflun ýmiskonar bæði úr sjó og fjöru. Farið verður í fjöru, á bryggju og hugsanlega í fiskvinnsluhús og/eða togara. Ætl að reyna að fá foreldra sem vinna að sjávarútvegi á einhvern hátt með okkur í lið að safna gögnum og fá fræðslu. Fylgst verður með veðurfari, flóði og fjöru. Að því loknu verður farið í greiningu á gögnum, búið til líkan af fjöru eða veggspjöld. Verkefni um lífverur unnin. Verkefni um hafstrauma og fiskimið. Farið verður í verkefni um auðlindir hafsins og atvinnu tengda sjávarútvegi og hugað að umhverfismálum í sjó og fjöru.</p> | <p>til að ná markmiðum. Öll verkefni eru metin út frá viðmiði um árangur sem vistað er inn á Mentor undir hverju verkefni. Sjálfsmat nemenda.</p> |
| Des | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sett sér markmið í námi, unnið eftir þeim og metið, | Umhverfisfræðsla | Farið verður í rannsóknarvinnu á stöðu umhverfismála á | Símat á hæfni nemenda til að ná markmiðum. Öll verkefni eru metin út |

| | | | | |
|--|--|--|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> • metið árangur verkefnavinnu, • spurt spurninga og sett fram áætlun um rannsóknarvinnu. <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á hvað megi betur fara í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir, • tekið þátt í samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða umhverfi skólans, • gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun. | | <p>Akureryri. Einnig verður skoðað hvernig ástandið er í höfum heimsins og skoðaður munur á vötnum og sjó.</p> | <p>frá viðmiði um árangur sem vistað er inn á Mentor undir hverju verkefni. Sjálfsmat nemenda.</p> |
|--|--|--|--|--|

Námsgrein: Enska

Kennari: Björk Pálmadóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|------------|--|-----------------|---|--|
| Sept-maí | <p>Lykilhæfni: Að nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi, • sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim, • skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár. • gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það, • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína, | Markmiðasetning | Nemendur setja sér persónuleg markmið í upphafi hverrar viku og meta í lokin hvernig gengur. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Áætlun nemenda metin. Sjálfsmat nemenda er hluti af mati. Metnir eru 5 þættir: Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn og ritun. |
| Sept – maí | <p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum, • fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni, • fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta. | Hlustun | Hlustunaræfingar eru í hverri viku. Einföld fyrirmæli eru lögð fyrir nemendur og kannað hvort þeir skilji. Nemendur hlusta á efni sem fylgir kennslubók og svara í vinnubók. Nemendur horfa á stutta þætti og myndir og greina frá efni þeirra í grófum dráttum, skriflega og/eða munnlega. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Hlustunarverk-efni í vinnubók metin, hlustunarpróf og verkefni. |

| | | | | |
|------------|---|---------------|--|---|
| Sept – maí | <p>Að nemandi geti... skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,</p> <ul style="list-style-type: none"> • fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, • lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina. <p>Lykilhæfni: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám, | Lesskilningur | Lesskilningsæfingar eru í hverri viku. Nemendur lesa ýmsan texta t.d. úr kennslubók, greinar úr blöðum og af neti og svara spurningum til að kanna skilning. Nemendur finna upplýsingar í textanum. Nemendur lesa smásöguna í Action bókinni um Frankenstein. Hver og einn þarf að svara spurningum munnlega úr henni. Þeim er skipt í hópa og þau gera stuttan leikþátt eða taka upp myndband um söguna. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Lesskilningspróf og verkefni í vinnubók metin reglulega. |
| Sept – maí | <p>Að nemandi geti... • skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,</p> <ul style="list-style-type: none"> • lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi, • skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst, • samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv. | Ritun | Ritunaræfingar eru í hverri viku. Nemendur skila ritunarverkefnum í hverri viku. Ritunarverkefni í vinnubók Action metið. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Ritunarverkefni í hverri viku verkefni í vinnubók metin reglulega.. |
| Sept – maí | <p>Að nemandi geti... • spurt og svarað á einfaldan hátt um það</p> | Samskipti | Samskiptaæfingar eru í hverri viku. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. |

| | | | | |
|------------|--|---------|---|--|
| | <p>sem stendur honum næst</p> <ul style="list-style-type: none"> • skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu, • tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. | | <p>Nemendur semja spurningar sem líklegt er að þeir þurfi að spyrja að erlendis. Þeir búa líka til svör og æfa samtalsþátt.</p> | |
| Sept – maí | <p>Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt, • endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv., • flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. <p>Lykilhæfni: Að nemandi geti...</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla, • gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum, • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. | Frásögn | <p>Frásagnarsæfingar eru í hverri viku.</p> <p>Nemendur skrifa stuttar kynningar um ýmis efni og kynna fyrir bekknum</p> <p>Nemendur velja lag á ensku og búa til myndband við það. Hugsanlega er hægt að útfæra það lengra og fara með það í Glerárvision.</p> | <p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Stuttmynd, samtöl</p> <p>Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla raðast nemendur á 3 stig eftir getu. Í 7. bekk ættu nemendur að vera að ljúka 1. stigi. Metið er hversu sterkir þeir eru á stiginu á skalanum A, B, C og D.</p> |

Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennari: Rúnar Már Þráinsson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|------------------------|---|--|--|--|
| September – október | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> •Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum, •gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem á við hverju sinni • spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna, •áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum •notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> •sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi, •fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta, •aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og | Flóttamenn og stríðsátök (reynsluheimur, félagsheimur) | Verkefni sem unnið verður upp úr fréttamiðlum og samfélagsmiðlum | Mat á verkefni og iðjusemi í tímum. Sjálfsmat. |

| | | | | |
|------------------|--|--|--|--|
| | <p>samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum,</p> <ul style="list-style-type: none"> •metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð, •metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt •rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðislegum toga, •tekið þátt í samfélagsmálu á ábyrgan hátt. | | | |
| Október-nóvember | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> •Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum, •gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni, •gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> •gert sér grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu, •sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis | Peningar og auglýsingar (hugarheimur, reynsluheimur) | Verkefni þar sem nemendur meta stöðu sína í samfélaginu sem neytendur. | Mat á verkefni og iðjusemi í tímum. Sjálfsmat. |

| | | | | |
|-----------------------|--|---|--|--|
| | <p>tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,</p> <ul style="list-style-type: none"> • tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti, • metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra, • sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni | | | |
| Nóvember- desember | <p>Lykilhæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum, • gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni, • spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna, • Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla, • gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum, • notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám. <p>Námshæfniviðmið: Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lýst einkennum og þróun íslensks | Íslenskt samfélag og hið opinbera (reynsluheimur) | Verkefni þar sem nemendur fræðast um opinbera þjónustu og þjálfast í að nýta hana. | Mat á verkefni og iðjusemi í tímum. Sjálfsmat. |

| | | | | |
|--|---|--|--|--|
| | Þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti, <ul style="list-style-type: none"> •lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta •gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins. | | | |
|--|---|--|--|--|

Námsgrein: Íþróttir

Kennari: Selma

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|------------------|---|-------------|---|------------------------------------|
| 24. ágú - 3. okt | Fjölbreytt hreyfinám Læra að klæða sig eftir veðri og vindum Kynnast nánasta umhverfi skólans | Útiþróttir | Bogginn, frjálisíþróttavöllur á Þórssvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta | Stöðumat, greinandi mat og lokamat |

| | | | | |
|---------------------|---|--|--|------------------------------------|
| | | | umhverfi skólans, stigin við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn | |
| 5. okt - 18. des | Fjölbreytt hreyfinám Auka þol, styrk, snerpu og liðleika Kynning á sem flestum íþróttagreinum Efla færni í samskiptum Fræða um heilbrigði | Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknatt- leikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálsar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL | Leikir ráðandi þáttur | Stöðumat, greinandi mat og lokamat |

Námsgrein: Textílmennt

Kennari: Sigrún María Guðmundsdóttir

7. bekkur

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---------|---|---|-------------------------------------|---|
| Vika 1 | Geti notað helstu hugtök sem tengjast saumavél. Geti þrætt yfir og undirtvinna. Geti flutt tvinna yfir á spólu. | Nemendur læra heiti og hugtök sem tengjast saumavél, þræða yfir og undirtvinna og spóla á spólu. Æfingar í að sauma beinan saum og sikk sakk. | Einstaklingskennsla/ hópkenndsla | Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið. |
| Vika 2 | Geti saumað beinan saum og sikk sakk. Skilji að skipulag vinnuferlis og góð nýting hráefnis skiptir sköpum í framleiðslu textílmuna. | Rifjað upp frá síðustu viku og byrjað að sauma svuntu. | Einstaklingskennsla/ hópkenndsla | Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið. |
| Vika 3 | Geti notað saumavél og unnið eftir einföldum leiðbeiningum. | Haldið áfram með saumaskapinn. | Einstaklingskennsla/ hópkenndsla | Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið. |
| Vika 4 | | | | |

| | | | | |
|--------|--|--|------------------------------------|---|
| | Geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beitt áunninni þekkingu við vinnuna | Fyrsta verkefni klárast og nemendur velja sér nýtt verkefni. | Einstaklingskennsla/ hópkennsla | Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið. |
| Vika 5 | Geti valið sér verkefni í textílmennt í samræmi við áhuga og þarfir Geti unnið með einföld snið og uppskriftir. | Unnið að verkefni að eigin vali. Hægt að velja eitthvað af því sem þau hafa þegar lært eða fá grunnþjálfun í nýjum aðferðum. | Einstaklingskennsla/ hópkennsla | Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið. |
| Vika 6 | Geti sýnt fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð. | Áfram vinnur hver að sínu verkefni. | Einstaklingskennsla/ hópkennsla | Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið. |
| Vika 7 | Geti metið eigið textílverk og rökstutt matið. | Lokahönd lögð á verkefni og þau metin. | Einstaklingskennsla/ hópkennsla | Lykilþættir metnir í lok kennslustundar. Einstaklingsverkefni metin þegar þeim er lokið. |

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnispættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|--------------------|--|--|---|--|
| | • | | | |
| | • | | | |
| Ágúst – október | <ul style="list-style-type: none"> • Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki, • Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni. • Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu, • Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð, • Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum, • Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum, • Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu, • Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir. • Gert sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni, | <p>Unnið er með mismunandi efni s.s. timbur tegundir og málm.</p> <p>Nemendur hanni hlut út frá ákveðnu þema og noti til þess samræður, nálgast og skoði ýmsar bækur, tímarit eða fari á netið til að móta hugmyndir sínar og sýni þar með sjálfstæði í vinnubrögðum.</p> <p>Mismunandi yfirborðsmeðhöndlun sýnd með tilliti til hvað henti matvælum og ekki, samsetningar hluta úr járni og timbri.</p> <p>Rétt vinnubrögð við notkun á tækjum og vinnustellingar</p> | <p>Innlögn, sýnikennsla, verklegaræfingar, vettvangsferðir.</p> | <p>Símat kennara þar sem meðal annars horft á sjálfstæði nemenda, virkni, samvinnu þeirra við aðra, frumkvæði að úrlausnum ásamt umgegni og sjálfsmati og síðan afurðin.</p> |

| | | | | |
|--|--|--|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none">• Geti gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra,• Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað. | | | |
|--|--|--|--|--|

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt 7. bekkur
Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|-----------|---|---|---|--|
| ágúst | <p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Noti upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum - Nýti hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmiða | <p>Umgengni og framgangna í kennslustundum</p> <p>Upprifjun; vistun og meðferð eigin gagna o.fl.</p> | <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Símat; byggt á virkni, vinnubrögðum og viðhorfi til námsins</p> <p>Einnig tekið mið af umgengni um tæki og verkefnamöppur</p> <p>Verkefni metin með tilliti til viðmiða þar um</p> |
| september | <ul style="list-style-type: none"> - Leiti upplýsinga til úrvinnslu í verkefnum - Flokki og vinni úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt - Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum - Sé gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga - Þjálfí fingrafimi og blindskrift á lyklaborði með markvissum hætti | <p>Ýmsar aðgerðir í ritvinnsluforritinu Word</p> <p>Gagnaöflun og meðferð gagna m.t.t. höfundaréttar</p> <p>Fingrafimi</p> <p>Blindskrift</p> | <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Að fara eftir fyrir mælum</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Ábyrgð við gagnaöflun og meðferð gagna</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatriðum fingrasetningar</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> |
| október | <ul style="list-style-type: none"> - vinni eftir þróunarferli frá hugmynd til afurðar, með áherslu á inntak og útfærslu - afli upplýsinga við hæfi - nýti á skapandi og skýran hátt ýmis forrit við miðlun þekkingar - beiti réttri fingrasetningu - nýti rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni og vinnulag | <p>PowerPoint glærugerð</p> <p>Texti, myndir, hljóð</p> <p>Upplýsingaöflun, meðferð gagna</p> <p>Samræming útlits og uppsetning glæru</p> <p>Tónlist og tölvur</p> <p>Fingrafimi og blindskrift</p> | <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Að fara eftir fyrir mælum</p> <p>Sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatriðum fingrasetningar</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> |

| | | | | |
|----------|--|---|---|---|
| | | | | |
| nóvember | <ul style="list-style-type: none"> - Nýti fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við öflun upplýsinga - Sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimildavinnu - Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum þegar það á við | <p>Publisher – umbrot og útlit síðu</p> <p>Mismunandi form og uppsetning textaskjala,</p> <p>Einföld myndvinnsla</p> <p>Fingrafimi og blindskrift</p> | <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Að fara eftir fyrirmælum</p> <p>Sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Ábyrgð við gagnaöflun og meðferð gagna</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatriðum fingrasetningar</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> |
| desember | <ul style="list-style-type: none"> - Vinni með og lesi í töluleg gögn - Sýni hæfni í notkun tækni og miðlun efnis - Nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt | <p>Excel – töflureiknir</p> <p>Einfaldar aðgerðir og formúlur,</p> <p>Fingrafimi og blindskrift</p> | <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Að fara eftir fyrirmælum</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Færni og árangur í undirstöðuatriðum fingrasetningar</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Könnun</p> |

Námsgrein: Myndmennt 6.-7. bekk
Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|--------------------|---|--|--|--|
| ágúst til desember | <p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sýni frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda - Hagnýti í einföldum verkefnum leikni sem hann hefur öðlast - Beiti þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt | Læsi: túlkun og tjáning | <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Símat; byggt á virkni, vinnubrögðum og viðhorfi nemenda</p> <p>Einnig verður tekið tillit til umgengni um efni og áhöld</p> <p>Tiltekin verkefni metin m.t.t. markmiða þeirra</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p> |
| - | <ul style="list-style-type: none"> - Byggi eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu - Sýni vinnuerli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar - Noti mismunandi efniið, verkfæri og miðla í eigin sköpun - Tjái skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun - Taki mið af og lagi framsetningu að kröfum viðfangsefnisins | <p>Samvinna – hugmyndir og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Fræðslumynd 1</p> <p>Blýantur, skygging</p> <p>Form og línur í umhverfinu</p> | <p>Innlögn og kynning</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Símat;</p> <p>Samvinna metin</p> <p>Frumkvæði og lausnaleit</p> <p>Verkefni metin m.t.t. markmiða</p> |
| - | <ul style="list-style-type: none"> - Nýti fjölbreytta miðla við verkefnavinnuna - Vinni hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk - Nýti sér mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun - Nýti grunnþætti myndlistar við hönnun og útlit listmuna - Tjáir hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með | <p>Mótun þrívíðra hluta</p> <p>Hlutföll mannslíkamans</p> <p>Vinnuteikningar</p> <p>Sameiginlegt skreytiverkefni nemenda</p> | <p>Innlögn</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Símat;</p> <p>Hugmyndavinna og úrlausn hugmynda</p> <p>Mótunarferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Sjálfstæði og frumkvæði</p> <p>Verkefni metið m.t.t. markmiða þar um</p> <p>Sjálfsmat nemenda</p> |

| | ýmsum miðlum | | | |
|---|---|--|---|--|
| - | <ul style="list-style-type: none"> - Noti ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu hluta og myndefnis - Vinni með mismunandi sjónarhorn, auk nálægðar og fjarlægðar, í eigin sköpun - Beiti helstu tækni og efniviði sem námsgreinin býður upp á - Prófar sig áfram og vinnur hugmyndir í fjölbreytta miðla | <p>Ljósmyndir, myndvinnsla</p> <p>Nálægð – fjarlægð</p> <p>Netmiðlar – þekkingaratriði myndlista</p> | <p>Innlögn</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Lausnaleit</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Umræður</p> | <p>Símat;</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Verkefni metið m.t.t. markmiða</p> <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p> |
| - | <ul style="list-style-type: none"> - Fjalli um mynddæmi sem sýna mismunandi útfærslur listamanna á sama myndefni - Noti mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun - Nýti grunnþætti myndlistar í eigin sköpun - Vinni myndverk í ýmsum tilgangi | <p>Mandala</p> <p>Listasaga – listastefnur, listamenn</p> | <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Umræður</p> | <p>Símat;</p> <p>Hugmyndavinna og úrvinnsla hugmynda</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Þátttaka í umræðum</p> |
| - | <ul style="list-style-type: none"> - Noti mismunandi túlkun og greinir milli staðreynda og skoðana með rökum - Teikni og móti raunsæismyndir eftir fyrirmyndum - Vinni með hlutföll og stærðir í eigin sköpun | <p>Fjarvídd – einföld þekkingaratriði og reglur</p> <p>Hlutateikning</p> | <p>Innlögn</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Verklegar æfingar</p> <p>Einstaklingsleiðsögn</p> | <p>Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Úrvinnsla þekkingaratriða</p> <p>Hugmyndavinna og þróunarvinna</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> |
| - | <ul style="list-style-type: none"> - Greini og beiti fjölbreyttum aðferðum og tækni | <p>Mynstur og fléttur</p> <p>Vinnubók – þekkingaratriði</p> | <p>Innlögn</p> | <p>Hugmyndavinna og úrlausn hugmynda</p> |

| | | | | |
|--|---|-----------|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none"> - Sýnir frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda - Taki mið af og lagi framsetningu að kröfum viðfangsefnisins hverju sinni - Greini og beri saman og lýsi ýmsum stílum og stefnum í myndlist | myndlista | Verklegar æfingar Tilraunir og lausnaleit Einstaklingsleiðsögn | Vinnubók – verkefnið metin til jafns á við vinnuferlið Vinnubrögð og frágangur Sjálfsmat nemenda |
| | - | | | |

Námshættir: Heimilisfræði 6. og 7. bekkur

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Kennt verður 7 tíma á viku í 7 vikur.

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|------------------------|---|--|--|--|
| 1.vika 7 kennslust. | Að vinna eftir uppskrift og geta mælt dl. mats. Tesk. ½ tesk ¾ tesk ¼ tesk Breytt gr í dl og öfugt. Að efla verkleg vinnubrögð og færni. Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar | Bakstursaðferðir. Matreiðsluaðferðir Fjölbreytt verkefni til að þjálfra og tileinka sér ákveðin vinnubrögð. Les og vinnubók Gott og gagnlegt, umræður. | Innlögn, sýnikennsla(stundum) Einstaklingskennsla,paravinna, samvinna. Nemendur vinna oftast tveir og tveir saman að ákveðnu verkefni. Hver og einn fær þá einstaklingskennslu sem hann þarf. | Símat : sem byggir á virkni/vinnubrögðum, taka tilsögn, fara eftir fyrirmælum, umgengni um stofuna, frágang og samvinnu. Sjálfsmat byggir að mestu á því sama og símatið. |
| 2.vika 7 kennslust. | Að þjálfra mismunandi bakstursaðferðir ásamt almennri matreiðslu og frágangi á vinnustað. Förum yfir vítamínin, hvaða hlutverki þau gegna fyrir líkamann. | Bakstur, steiking, suða. Grillum úti. Vinum í bókinni Gott og gagnlegt. | Innlögn, sýnikennsla(stundum) Einstaklingskennsla,paravinna, samvinna. Útikennsla | Símat Sjálfsmat |
| 3.vika 7 kennslust. | Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla. Kynnist orkuefnunum | Verkleg vinna við að þjálfra ákveðin vinnubrögð og leikni. Vinum með grænmetið úr matjurtagarðinum okkar og tengjum við sjálfbærni. Unnið í les og vinnubók. | Innlögn, sýnikennsla(stundum) Einstaklingskennsla,paravinna, samvinna. | Símat |
| 4.vika | Sýnt ábyrga og örugga umgengni | Unnið í Gott og gagnlegt | Innlögn, | Símat |

| | | | | |
|------------------------|---|---|--|---|
| 7 kennslust. | við vinnu og frágang á sínu vinnusvæði. Matreitt einfaldar og hollar máltíðir. Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð | Gamlar matarvenjur, vinnsluaðferðir(súrsun, söltun, reyking, þurrkun) Fjölbreytt verkleg verkefni til að þjálfar nemendur í aðferðum og að vinna eftir uppskrift. | sýnikennsla(stundum) Einstaklingskennsla,paravinna, samvinna. | Sjálfsmat |
| 5.vika 7 kennslust | Unnið sjálfstætt eftir uppskrift við hæfi og notað til þess algengustu mæli og eldhúsáhöld. Átti sig á næringarefnunum í algengu fæði þar á meðal er fiskur, lýsi, grænmeti, ávextir, egg, kjöt, mjólkurvörur og fl. | Unnin verkefni upp úr Gott og gagnlegt Verkleg verkefni til að þjálfar sjálfstæð vinnubrögð og leikni | Innlögn, sýnikennsla(stundum) Einstaklingskennsla,paravinna, samvinna. | Símat |
| 6. vika 7 kennslust | Metið útlit og gæði matvara og útskýrt hvernig á að geyma þau. Að vera læs á einfaldar algengar umbúðamerkingar. Umhverfismerki, umbúðir, innkaup og flokkun. | Skoðum innihaldslýsingar matvara. Vinum í Gott og gagnlegt. Verkleg verkefni | Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, samvinna, paravinna. | Símat Sjálfsmat |
| 7.vika 7 kennslust. | Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. Geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift og notað til þess algengustu mæli og eldhúsáhöld. | Með sjálfsmati geta nemendur lagt mat á eigin verk og vinnubrögð. Verkefni við hæfi, Verklegt próf. | Innlögn, sýnikennsla, para og samvinna, einstaklingskennsla/vinna, Verklegt próf | Verklegt próf Sjálfsmat Símat Vinnubók metin |

